

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, Hverfisgata 4b og 6b.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 9. október 2007 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, Hverfisgötu 4b og 6b í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðamörkum er breytt og gerður er nýr byggingarreitur fyrir bílgeymslu með kjallara og byggingarreitur húss á Hverfisgötu 4b er stækkaður. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 3. desember 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2007